

ist vera kominn til þess að leysa þá, er biði í böndum, og frelsa þá, er fangnir væri.

Að alt það, er hér fór fram, væri það mesta guðlast, virtist engum koma til hugar, er viðstaddir voru, né og hitt, að með því væri Kristur spottaður og honum sýnd hin naprasta fyrirlitning, sem þó var alt í hans nafni gjört.

Það var eins og enginn áttaði sig á því, að upphleypti, gullni róðukrossinn, sem presturinn rétti að fólkinu til að kyssa, væri að eins eftirlíking gálga þess, er Kristur var festur á fyrir það, að formæla samskonar athöfnum, og hér voru framdar.

Sú hugsun flaug engum í huga, er þar voru nærstaddir, að prestar þeir, er þættust eta og drekka líkama Krists og blóð með því, að neyta nokkurra brauðmola og víndropa, í raun og sannleika ætu líkama hans og drykkju hans blóð, þó ekki væri í víni og brauðmolum, heldur með því að tálðraga „þessa smælingja“. sem hann sjálfur líkti sér við, með því að firra þá allri heill, en undiroka þá eynd og kvölum, með því að fela fyrir þeim þau fagnaðarerindi, er hann kom til að boða öllum mönnum.

Presturinn gjörði sína vísu með værustu samvizku, því frá barnsbeini hafði honum verið kennt að skoða þá trú hina einu réttu, er allir hinir fornu dýrðlingar höfðu haft, og kyrkjan hélt við enn og keisaravaldið skipaði. Hann trúði því ekki, að brauðið yrði að holdi, né að það væri lífsskilyrði fyrir sálir manna, að tóna öll þessi orð, né því, að hann hefði virkilega gleypt nokkurn hluta guðs. Því gat enginn maður trúað. En hann trúði því, að það væri skyldugt, að viðhalda þessari trú. Það, sem styrkti hann mest í þeirri skoðun, var það, að með því að uppfylla kröfur þeirrar trúar, hefði hann nú í síðastliðin 18 ár notið allgóðra tekja, svo að hann hafði getað framfleytt sér og sínum á sómasamlegan hátt, látið sín sinn stunda háskólanám og sent dóttur sína á „prestðætraskólann“.

Rétttrúnaður djáknans var mikið á sömu leið og prestsins, að því einu undanteknu, að hann var stórum sterktrúaðri á nytsemi kyrkjunnar en presturinn. Hann var fyrir löngu búinn að gleyma öllu innihaldi játninganna og trúaratriðanna, en mundi nú að eins orðið bænirnar fyrir framliðnum og sálumessurnar og að hvort um sig var vissu verði selt, er allir sannkristnir menn